

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

768. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 5. nóvember 2012 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Fundargerð 800. fundar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.
3. Fundargerðir Menningarráðs Norðurlands vestra frá 9/10 og 12/10 s.l..
4. Bréf Helgu Sigurhansdóttur.
5. Drög að samstarfssamningi við HVE um umhirðu púttvallar.
6. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem unnið er að s.s. hreinsun hafnarsvæðis, viðhald húss og lóðar Borðeyrarskóla, viðhald íþróttamiðstöðvar, vinna við vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu, snjómokstur ofl.
2. Lögð fram til kynningar fundargerð 800. fundar Sambands ísl. sveitarfélaga
3. Lagðar fram til kynningar fundargerðir Menningarráðs Norðurlands vestra frá 9/10 og 12/10 s.l.
4. Lagt fram bréf Helgu Sigurhansdóttur frá 31. október s.l., þar sem hún segir starfi sínu við Iðjuna lausu frá 1. janúar 2013. Byggðarráð samþykkir uppsögnina og þakkar Helgu fyrir vel unnin störf.
5. Lögð fram drög að samstarfssamningi við HVE um umhirðu púttvallar. Byggðarráð samþykkir drögin og felur sveitarstjóra undirritun hans.
6. Lögð fram umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags. Byggðarráð samþykkir beiðnina.
Samþykkt að taka á dagskrá.
7. Lögð fram drög að samningi um innheimtuþjónustu við Motus kröfubjónustu ehf. og Lögheimtuna ehf. Byggðarráð samþykkir drög samningsins og felur sveitarstjóra undirritun hans.
8. Lagt fram til kynningar fundarboð á ársfund Umhverfisstofnunar, sem haldinn verður 13. nóvember n.k. í Menningarhúsinu Miðgarði Varmahlíð.

Fundargerð upplesin

Fundi slitið kl: 15:27

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Línadal.

Stefán E. Böðvarsson

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyarnarfulltrúi:

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.

Elín Jóna Rósinberg..